

19. sept. 2018

Sæll Ólafur

Ég fann mynd af Emilíu Sighvatsdóttur á heimasíðu þinni og mig langar að kanna hvort ég gæti fengið að nota þá mynd (sjá viðhengi) í fyrirlestri sem ég mun halda á vegum Sagnfræðingafélags Íslands, ásamt Magnúsi Gottfreðssyni smitsjúkdómalækni, um barnshafnandi konur sem fengu Spánsku veikina og fæddu börn í veikinni. Í þeim hópi var Emilía Sighvatsdóttir sem fæddi Þorbjörgu 1. nóvember 1918. Emilía var veik af influensu þegar hún fæddi stúlkuna. Allt gekk vel. Svo vill til að Emilía fæddi fyrst barn, veik af þessari skæðu flensu. Ef þú samþykkir ekki beiðni mína mun ég skilja það mjög vel.

Með bestu kveðju

Erla Dóris Halldórsdóttir sagnfræðingur.



19. sept. 2018

Sæll aftur, Ólafur

Takk fyrir. Það var Þuríður Bárðardóttir embættisljósmóðir í Reykjavík og fyrsti formaður Ljósmeðrafélags Íslands sem tók á móti Þorbjörgu 1. nóvember 1918. Þorbjörg fæddist í Pósthússtræti 14B í Reykjavík. Skráði Þuríður ljósmóðir í fæðingabók sína, að Emilía Sighvatsdóttir 31 árs, móðir stúlkunnar var veik af influensunni. Af þeim sökum fékk nýfædda stúlkan pela.

Með bestu kveðju

Erla Dóris Halldórsdóttir.

20. sept. 2018

Sæll Ólafur

Innilegt þakklæti fyrir þetta. Ég sendi Jóni svæfingalækni bestu kveðjur. Hann var sá allra flinkasti og besti svæfingalæknir sem Íslendingar hafa átt. Ég var alltaf svo örugg á gjörgæslunni þegar ég vissi að Jón var á vaktinni. Þú getur líka sagt honum að ég er stórhrifin af bók hans, Svæfingar á Íslandi og vitnaði í umrædda bók í doktorsritgerð minni í sagnfræði um fæðingarhjálp á Íslandi fyrr á öldum.

Með bestu kveðju

Erla Dóris.